

Afla- og veiðarfæratrygging

Skilmáli nr. 435

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunnin:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit

1. gr.	Það sem félagið bætir	3
2. gr.	Gildistími - Endurnýjun - Réttur til uppsagnar	3
3. gr.	Iðgjaldið – Gjaldtagi – Vanskil – Uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu	4
4. gr.	Váttryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar	4
5. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar	4
6. gr.	Váttryggður veldur váttryggingaratburði	5
7. gr.	Brot á varúðarreglum	5
8. gr.	Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - reglur um samsömun	5
9. gr.	Áhættubreyting - Aukin áhætta	5
10. gr.	Undirtrygging	5
11. gr.	Tvítrygging	5
12. gr.	Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts	6
13. gr.	Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns	6
14. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning	6
15. gr.	Ráðstafanir til varnar tjóni	6
16. gr.	Endurkröfuréttur	6
17. gr.	Ágreiningur	6
18. gr.	Varnarþing	6

1. gr. Það sem félagið bætir

Vátryggingin er til hagsbóta fyrir vátryggingartaka/eiganda hins vátryggða. Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins vátryggða. Vátryggingin fellur brott við eigendaskipti að hinu vátryggða.

Bætt eru tjón og kostnaður sem hér segir:

1. Algert tjón ef hið vátryggða ferst með skipinu.
2. Algert tjón og hlutatjón, ef þau stafa beinlínis af því að skipið strandar, sekkur, því hvolfir eða það rekst á annað skip, fasta hluti eða fljótandi.
3. Brunatjón.
4. Þátttaka í samtjóni, samtjóns-kostnaði eða hliðstæðum kostnaði og björgun.
5. Tjón á frystum afurðum, sem orsakast af skyndilegum og ófyrirséðum leka frystivökva, olíu eða glussa. Vátryggingin greiðir einnig tjón á frystum afurðum vegna skyndilegrar og ófyrirsjáanlegrar bilunar eða stöðvunar frystivéla eða frystikerfis. Undanskilin eru þó tjón vegna breytinga á hitastigi nema bilun eða stöðvun frystivéla vari í það minnsta í 24 klukkustundir. Einnig eru afurðirnar vátryggðar gegn tjóni af völdum þess að sjór kemst í lestar skipsins.
6. Loðnu- og síldarnætur falla ekki undir vátryggingu þessa.
7. Undanskilin eru hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.

2. gr. Gildistími - Endurnýjun - Réttur til uppsagnar

Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Endurnýjun og uppsögn

Vátrygging sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingatímabilinu með skriflegri tilkynningu til félagsins með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingatímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt vátryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingatímabilsins.

Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingatímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingarskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

Réttur félagsins til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni:

1. Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
2. Ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan.

3. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan.
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

5. Ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. Félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar.
 - b. Það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
7. Ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

3. gr. Iðgjaldið – Gjaldtöki – Vanskil – Uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004. Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Ef iðgjald er ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Ef andvirði hins váttryggða er greitt út við altjón og váttryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.

4. gr. Váttryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar

Tjón bætast í samræmi við þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Hið sama gildir um eigin áhættu. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

5. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara.

6. gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði

Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. eða nr. 30/2004.

7. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttæmisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

8. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur váttryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt váttryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna váttryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

9. gr. Áhættubreyting - Aukin áhætta

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina váttryggðu áhættu, svo sem ef:

- starfsemi hans er flutt
- ef verða breytingar sem auka hættu á að tjón verði á því er váttryggingin tekur til;
- keypt er önnur váttrygging sem tekur til sömu áhættu;
- eigendaskipti verða, þ.á.m. ef rekstrarform breytist.

Félagið áskilur sér rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 3. gr. skilmála þessara, eða breyta váttryggingarkjörum ef einhverjar af fyrrgreindum breytingum verða.

Falli váttryggingin niður endurgreiðist iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

Láti váttryggður hjá líða að tilkynna félaginu um breytingu skv. framansögðu, getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

10. gr. Undirtrygging

Nauðsynlegt er að váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti hins váttryggða. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna váttryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim, sem er á váttryggingarfjárhæðinni og verði hins váttryggða.

11. gr. Tvítrygging

Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkafið önnur félög hlutfallslega.

12. gr. Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts

Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

13. gr. Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns

Þegar tjón er orðið, skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því.

Ef váttryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hættu er á því að hann muni bera að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því.

Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur varðað lækkun eða missi bóta.

14. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa váttryggðs um bætur fynist samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

15. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

Þegar váttryggingaratburðurinn hefur orðið eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, skal váttryggður reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur haft í för með sér lækkun eða missi bóta, sbr. lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

16. gr. Endurkröfuréttur

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

17. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

18. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015

[Efst á skjal](#)